



Tillaga  
Afgreiðsla

B 344/UVN  
Norræna velferðarnefndin

## Norræna samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023-2027

Norræna velferðarnefndin leggi til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hrinda í framkvæmd norrænni samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023-2027, eins og henni er lýst í drögum að ráðherranefndartillögu og að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar.

### Bakgrunnur

Norræn samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027 er stefnumótandi skjal um samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði fötlunarmála. Áætlunin byggist á tillögum úr starfsemi tveggja fyrri framkvæmdaáætlana og viðeigandi stefnuskjala í norrænu og alþjóðlegu samstarfi. Áætlunin er þverfagleg og nær til allra hlutaðeigandi fagsviða. Samstarf um fötlunarmál er mikilvægt fyrir framkvæmd Framtíðarsýnar 2023. Það á einkum við um félagslega sjálfbær Norðurlönd þar sem algild hönnun, aðgengi og inngilding eru miðlæg sjónarmið.

Í framkvæmdaáætluninni koma fram þrjú áherslusvið: mannréttindi, þátttaka og frjáls för. Innan hvers áherslusviðs er fjöldi verkefna sem unnið er að. Verkefni er tengjast mannréttindum styðja við það starf sem fram fer innan hvers lands við innleiðingu og eftirlit með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í löndunum. Verkefni er tengjast þátttöku tengjast inngildingunni fyrir fólk með fötlun á öllum sviðum lífsins þar sem áhersla er lögð á atvinnulíf og menntun. Hvað varðar frjálsa för felur norrænt samstarf um stjórnsýsluhindranir í sér að hrinda úr vegi stjórnsýsluhindrunum og ferðaskerðingu sem einkum einstaklingar með fötlun þurf að glíma við. Áætlunin er til fimm ára og verður endurskoðuð árin 2024 og 2026.

Norrænt samstarf um fötlunarmál fer einkum fram samkvæmt norrænni samstarfsáætlun um fötlunarmál, í Norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks (fötlunarráðinu) sem veitir ráðgjöf í öllu opinberu norrænu samstarfi, með styrkjakerfi fyrir norrænt samstarf öryrkjasamtaka og norrænni starfsemi fyrir fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) veitir aðstoð við framkvæmd áætlunarinnar.



Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir norrænt samstarf um málefni fólks með fötlun sem líkur árið 2022 hefur verið grundvallarþáttur í hinu norræna samstarfi um málefni fatlaðs fólks. Framkvæmdaáætlunin hefur verið góður grunnur fyrir stefnumótun, stjórnun og eftirfylgni við samstarfið og hefur eflt vinnuna við fötlunarmál bæði í sérhverju landi og á Norðurlöndum í heild sinni. Vorið 2021 var gerð úttekt á norrænu samstarfi um fötlunarmál 2018-2020. Niðurstaða úttektarinnar liggur til grundvallar frekara samstarfi að loknu núverandi framkvæmdatímabil.

Samkvæmt tillögum sem fram koma í úttektinni verður í stað framkvæmdaáætlunar unnið að samstarfsáætlun um fötlunarmál í þeim tilgangi að varpa betur ljósi á sameiginlega þætti málaflokksins.

Þá mun áætlunin í samræmi við tillögur úttektarinnar ná til styrkjakerfis um norrænt samstarf fötlunarsamtaka og um málefni sjón- og heyrnarkertra.

Við vinnslu áætlunarinnar hefur Norðurlandaráð fengið tækifæri til að koma með tillögur um efni hennar og athugasemdir um áætlunardrögin. Þá hafa aðrir aðilar fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, s.s. norræna fötlunarráðið, norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (NOMESKO) og norræna hagsýslunefndin (NOSOSKO) og frjáls félagasamtök. Um áætlunina hefur einnig farið fram opinbert samráð.

Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (ÄK-S) samþykkti Norræna samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027 á fundi sínum 1.–2. júní 2022 og ráðherranefndin (MR-S) samþykkti áætlunina hinn 24. júní 2022.

## Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin þakkar fyrir þátttöku og uppfærslur, þ.m.t. kynningu á úttekt á norrænu samstarfi um fötlunarmál 2018-2020 sem liggur til grundvallar norrænni samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023-2027.

Nefndin tekur eftir því að markmiðið með norrænni samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023-2027 er að stuðla að markvissri inngildingunni fólks með fötlun með aukinni þekkingarmiðlun og nánari samvinnu landanna um fötlunarmál. Nefndinni er það mikið fagnaðarefni að norrænt samstarf um fötlunarmál miðist við að skapa ávinning í þágu norrænna borgara sem eiga við fötlun að stríða.

Nefndin veitir því athygli að þessu skuli náð fram á þremur áherslusviðum áætlunarinnar: Hvað varðar *mannréttindi*, *þátttöku* og *frjálsa för*.



Mannréttindi og hlutdeild eru gegnumgangandi þættir í norrænu samstarfi um fötlunarmál og nefndin fagnar því sérstaklega að áætlunin skuli taka mið af samtvinnun. Með þeim hætti er vakin athygli á og vitund um sérstakar aðstæður fólks með fötlun og tækifæri gefst til að styrkja áherslu á jafnrétti, inngildingu og verndun gegn mismunun. Þessa þætti styður nefndin heilshugar og telur sérlega mikilvæga.

Þá telur nefndin það gagnlegt að á áætlunartímanum skuli vinna tölulegar upplýsingar um atriði á borð við mismunun, menntun, atvinnulíf og aðgengi. Með tölulegum upplýsingum má bera saman aðgerðir á sviði fötlunarmála á Norðurlöndum og afla þekkingar um stöðu vinnu að innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun (UNCPRD). Þannig telur nefndin að með tiltækum og réttum gögnum megi skapa grundvöll fyrir frekari vinnu við málefni fólks með fötlun á Norðurlöndum.

Norræna velferðarnefndin viðurkennir að endurhæfing með áherslu á hreyfingu til heilsubótar og styrki til hreyfingar hefur mikla þýðingu fyrir fatlað fólk þegar kemur að því að ná upp æskilegri hreyfingu, hlutdeild og jafnrétti. Nefndinni hefur verið bent á það, m.a. af Beitostølen helsesportsenter, að skortur sé á heildstæðu verklagi sem grundvallað er á þekkingu. Jafnframt eru hjálpartækjajaiðnaðurinn og úthlutunarkerfi sundurleit. Samnorræn nálgun og samstarf á þessu sviði væri til bóta. Nefndin biður ráðherranefndina því um að íhuga samnorrænt átak í þágu notendamiðaðra lausna og hámarksnýtingar á hreyfingarúrræðum til heilsubótar og hjálpartækjum fyrir hreyfingu þar sem núverandi þekkingarumhverfi nýtist. Átakið ætti að byggjast á verklagi sem grundvallað er á þekkingu og líta ætti til efnahagslega sjálfbærra lausna til framtíðar.

Nefndin er því einróma samþykkt norrænni samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023-2027 og styður hana án frekari athugasemda.

Helsingfors, 1. nóvember 2022

*Angelika Bengtsson (SD)*  
*Eva Biaudet (sv)*  
*Eva Lindh (S)*  
*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*  
*Kathy Lie (SV)*  
*Kim Berg (sd)*

*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*  
*Maria Stockhaus (M)*  
*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Tobias Drevland Lund (Partiet Rødt)*  
*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*  
*Truls Vasvik (A)*